



Starfsleyfi- Drög

fyrir bifreiða-sprautu og hjólbarðaverkstæði

Nafn fyrirtækis: Bílar og Dekk ehf

Heimilisfang: Akursbraut 11a

Kennitala: 580608-0940

Póstnúmer: 300 Akranes

Fasteignanúmer: F2312259

Sími: 5782525

Nafn forsvarsmanns: Ólafur Eyberg Rósantsson

Netf: bilarogdekk@simnet.is

Útgáfudagur leyfis: xx nóvember 2020

Gildir til: xx nóvember 2032

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur fellur starfsleyfið úr gildi. Heimilt er að yfirfæra starfsleyfi yfir á nýjan rekstraraðila. Slíka breytingu þarf að tilkynna til leyfisveitanda þannig að hægt sé að meta hvort sækja beri um nýtt leyfi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 785/1999.

2. Gjaldskylda

Starfsleyfi tekur þegar gildi. Leyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti að jafnaði.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talið starfsleyfisvinnslu.

Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjaldið er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Hvalfjarðarsveit, 2. október 2020

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Fylgiskjal

með starfsleyfi bifreiða-sprautu og hjólbarðaverkstæði

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1. Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Bílar og Dekk kt. 580608-0940, starfsleyfi fyrir bifreiða-spraut og hjólbarðaverkstæði að Akursbraut 11a á Akranesi.
- 1.2. Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda verði hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag.
- 1.3. Heilbrigðisnefnd getur sett ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.

2. GILDISSVIÐ STARFSLEYFIS

- 2.2 Starfsleyfið gildir aðeins fyrir húsnæði að Akursbraut 11a.
- 2.3 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, sem gildir um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er mælt í starfsleyfi þessu.
- 2.4 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati leyfisveitanda ber að sækja um nýtt starfsleyfi. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tæki er leiða til bættra mengunarvarna.

3. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegri og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur skal beita bestu fánlegu tækni og taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.
- 3.2 Allar vélar og tæki, hráefni og annað sem starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.
- 3.3 Frárennsli af gólfum skal leiða um olíuskilju. Ef ekki er olíuskilja á staðnum skal rekstraraðili ábyrgjast að ekki fari olía eða önnur spilliefni í fráveitukerfið.
- 3.4 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Taka skal mið af reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.5 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávalt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufuþvott og háþrýstipvott.
- 3.6 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna mengunar eða hávaða. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn.
- 3.7 Við sprautuklefa skal komið fyrir síubúnaði sem hindrar að málning- eða lakkúði berist út fyrir húsnæðið. Sama er að segja um lykt frá hreinsiefnum eða lökkum.
- 3.8 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 3.9 Úrgang s.s dekk skal flytja til eyðingar eða endurvinnslu. Urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.

4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

- 4.1 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tilrækar á vinnustað.
- 4.2 Verði óhapp eða slys við meðhöndlun hættulegra efna eða spilliefna, þannig að hætta sé á umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings, ber tafarlaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast umhverfismengun og slys á fólki. Tilkynna skal atvikið til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins fljótt og auðið er.
- 4.3 Fyrirtækið skal safna öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi þess. Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna eða blanda við annan úrgang.
- 4.4 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Þeim skal skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.

5. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 5.1 Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 5.2 Rekstraraðili fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar. Rekstraraðili skal kynna sér þau lög og reglur sem lúta að starfsemi fyrirtækisins.
- 5.3 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

6. STARFSEMI HÆTT

- 6.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.
- 6.2 Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðva fyrir spilliefni.
- 6.3 Verði starfsemin lögð niður skal ganga frá öllum mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af.

7. GILDISTAKA OG AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

- 7.1 Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði VI. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og öðlast þegar gildi.
- 7.2 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hvalfjarðarsveit, 2. október 2020

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands